

Áhættusækni í útrásargleði: Karlar og konur í bönkum og fjármálafyrirtækjum

Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands

Helga Björnsdóttir, aðjúnt í mannfræði við Háskóla Íslands

Útdráttur

Femínískir fræðimenn hafa lengi bent á að fjármálafyrirtæki starfa í anda karl-lægra gilda þar sem ákveðnum kynjuðum strúktúr er viðhaldið. Þannig á kap-ítalískt efnahagskerfi og fjölþjóðleg fyrirtækjamenning sinn þátt í að svokölluð þverþjóðleg viðskiptakarlmennska hefur í vaxandi mæli öðlast gildi, bæði hnatt-rænt og staðbundið. Þetta kallar á nánari skoðun á því hvernig slíkt ferli á sér stað í staðbundnu samhengi. Í samfélagslegum umræðum hér á landi strax eftir hrun mátti greina ákveðið ákall um breytingar á stöðu kynjanna innan fjár-málageirans og almennt. Í greininni er sjónum beint að fjármálafyrirtækjum og bönkum hér á landi og upplifun og reynsla starfsfólks af stöðu kynjanna innan fyrirtækja fyrir og eftir hrun skoðuð út frá alþjóðlegum rannsóknnum. Greiningin byggir á viðtölum við starfsfólk fjármálafyrirtæka varðandi hugmyndir um karl-mennsku, ólíks eðlis kynjanna og jafnræðis.

Efnisorð: Fjármálastofnanir; hrunið; kyngervi; karlmennska; jafnrétti.

Risk taking business Vikings: Gendered dynamics in Icelandic banks and financial companies

Abstract

Feminist scholars have long emphasized the masculine culture of the financial sector, where a certain gendered structure is created and sustained. The capitalistic economy and the culture of multinational corporations play a leading



Icelandic Review of Politics and Administration Vol 11, Issue 2 (231–246)

© 2015 Contact: Kristín Loftsdóttir, kristinl@hi.is

Article first published online December 17th 2015 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. tbl. 11. árg. 2015 (231–246) Fræðigreinar

© 2015 Tengiliður: Kristín Loftsdóttir, kristinl@hi.is

Vefbirting 17. desember 2015 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.2.6>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

role in creating and promoting new patterns of masculinity – the transnational business masculinity – on both global and local levels. It is thus important to analyze how this takes place in a local context. Following the economic collapse in Iceland, a strong emphasis formed in the public discussion on a changed gender dynamic in financial firms and in general. This article focuses on the experience of those working within the financial sector in relation to the position of men and women, contextualized within a scholarly discourse. It is based upon interviews with employees of financial institutions, where they reflect on their experience and views masculinity, essentialism and equality.

Keywords: Financial sector; the crash; gender; masculinity; equality.

Inngangur

Að margra mati fól hrun íslenska bankakerfisins í október 2008 ekki eingöngu í sér efnahagslegt gjaldþrot heldur einnig siðferðislegt, menningarlegt og pólitískt skipbrot (Ólafur Páll Jónsson 2009, 286). Í grein sem birtist í Morgunblaðinu skömmu eftir hrun endurspeglast þetta viðhorf vel en þar er því meðal annars haldið fram, að hrúnið hafi skapað 'gríðarlegt' hugmyndafræðilegt tómarúm (Pröstur Helgason 2008). Höfundur segir að landið hafi verið eins og einhvers konar „tilraunastofa hinna vígreifu útrásarvikinga“ en nú sé runninn upp tími kvenna og búast megi við að það verði „tilraunastofa fyrir nýja skipan hlutanna“. Konur séu í raun hið Nýja Ísland – og því til staðfestingar þá séu konur „nú æðstu yfirmenn í bönkunum tveimur. Skilaboðin þarfnast engra útlegg-inga“ (Pröstur Helgason 2008). Í samfélagsumræðunni endurspegladist víða ákall um „nýtt Ísland“ sem fæli í sér ný gildi ásamt uppbyggingu íslensks samfélags frá grunni þar sem konur hefðu mikilvægu hlutverki að gegna.

Í þessari grein skoðum við hugmyndir fólks innan banka og fjármálafyrirtækja um stöðu kynjanna á tímum efnahagslegs uppgangs fyrir og eftir hrúnið. Við spyrjum hvernig viðmælendur okkar meti stöðu kvenna og karla í heimi banka og fjármálafyrirtækja fyrir hrun og hvort þau telji að breytingar hafi átt sér stað í „hinni nýju skipan hlutanna?“ Þó konur séu meirihluti starfsmanna í bönkum og fjármálafyrirtækjum þá hefur starfsumhverfi slíkra fyrirtækja mótast af karllægum strúktur. Á uppgangasárunum fram að hrúni var ímynd „útrásarvíkingsins“, það er karlmanns sem „...gekk í svörtum jakkafötum, starfaði í banka eða í fjárfestingarfyrirtæki, keyrði um á svörtum Range Rover og átti fallega eiginkonu...“ (Þorgerður Einarasdóttir & Gyða Margrét Pétursdóttir 2010, 242; sjá einnig Kristín Loftsdóttir 2009) tengd órjúfanlegum böndum við fjármálafyrirtæki og banka. Fastlega má gera ráð fyrir að þetta hafi haft mótandi áhrif á starfsfólk slíkra fyrirtækja og því var sérstakri athygli beint að því hvernig konur innan banka og fjármalastofnanna upplifðu umhverfi og starfsanda sem þar rékti bæði fyrir og eftir hrun. Þrátt fyrir að viðmælendur okkar notuðu ekki endilega hugtakið karlmenska birtust engu að síður margar hugmyndir og ímyndir um karlmennsku sem drógu skýrt fram karllægni banka og fjármalastofnana.

Nálgun okkar er undir áhrifum frá fræðimönnum sem lagt hafa áherslu á mikilvægi þess að greina kyn og kyngervi í tengslum við fjármálakerfi (Ho 2009; Connell & Wood

2005; Wajcman 1998; Roberts 2012) og valdastofnanir samfélagsins (Hansot & Tyack 1988). Þetta er í samræmi við fræðilegar áherslur á nauðsyn þess að skoða efri lög samfélagsins betur (Nader 1974; Cont & O'Neil 2007; Lindisfarne 2008). Eins og Adrianne Roberts (2012, 101) bendir á hefur sjónum í auknum mæli verið beint að hlutverki og áhrifum kyngervis á framtíð kapítalískra hugmynda og athafna. Tengsl og samskipti kynjanna skapa og viðhalda margvíslegu ójafnrétti á milli karla og kvenna (Connell 1993) og því er nauðsynlegt að horfa til stöðu kynjanna í samfélaginu og hvernig kyngervi hefur áhrif á sköpun sjálfsvera sem verða merkingabærar í ákveðnu félagslegu samhengi. Eins og áður segir, endurspeglaði umræða viðmælenda okkar sterka áherslu á samfélagslegar hugmyndir um karlmennsku, sem og ólíkt eðli karla og kvenna. Sumir fræðimenn (sjá Connell & Wood 2005) telja að í raun hafi kapítalískt efnahagskerfi og fjölþjóðleg fyrirtækjamenning getið af sér nýja gerð af karlmennsku – svokallaða þverþjóðlegu viðskiptakarlmennsku (e. transnational business masculinity) og beina athyglinni þannig að því hvernig ákveðin tegund ráðandi karlmennsku (e. hegemonic masculinity) hefur í sívaxandi mæli öðlast gildi á hnattræna vísu (Connell 1998; Connell & Wood 2005). Sérlega áhugavert er að skoða að hve miklu leyti svör viðmælenda okkar endurspeglar slíkar hugmyndir. Við leggjum áherslu á að hugmyndir og birtingarmyndir karlmennsku eru ekki eingöngu bundnar við karlmenn og styðjumst þar við fræðimenn sem benda á að konur skapi einnig og viðhaldi hugmyndum um karlmennsku og eigi þátt í að gæða þær lífi með athöfnum og orðum (Sedgewick 1995, 13). Þá ber að hafa í huga að ráðandi karlmennska útilokar bæði sumar konur og suma karla. Hugmyndir um karlmennsku eru hluti af persónuleika og sjálfsmynd einstaklinga ásamt því að vera samofnar stofnunum samfélagsins (Hansot & Tyack 1988). Hugmyndir um sérstakt eðli kvenna og karla sem sjá má í orðum viðmælenda okkar urðu einnig mjög áberandi í opinberri umræðu eftir hrún. Eins og við bendum á hafa slík viðhorf lengi verið þrástef í íslenskri umræðu í tengslum við ólík málefni (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir & Inga Dóra Björnsdóttir 1995; Sigríður Matthíasdóttir 2004). Flestir viðmælendur okkar töldu að birtingarmyndir karlmennsku í bönkum og fjármálastofnunum væru að einhverju leyti tilkomnar vegna sérstaks eðlis karlmanna. Af viðtölunum má jafnframt sjá að hugmyndir um ráðandi karlmennsku í þessum stofnunum virðast hafa verið í takt við þá þverþjóðlegu viðskipta-karlmennsku sem öðlast hefur hnattrænt gildi.

Umfjöllun okkar byggir á gögnum úr rannsókninni *Íslensk sjálfsmynd í kreppu*¹ en þar er sjónum beint að kyni í tengslum við íslenska þjóðarsjálfsmynd og samfélagslegar hugmyndir um hlutverk Íslands á alþjóðavísu. Stuðst er við orðræðugreiningu á fjölmiðlaumræðu sem og viðtöl við fólk sem vann í efnahags- og fjármálageiranum á uppgangstímum fram að hrúni 2008 og eftir það. Við nálgumst orðræður sem félagslegan atbeina sem ætíð verður til í ákveðnu félagslegu, menningarlegu og pólitísku samhengi. Orðræðugreining varpar ljósi á sköpun og endurgerð veruleikans í gegnum texta, orð og athafnir stofnananna, ríkisvalds og einstaklinga (Gill 2000). Viðtölin fyrir rannsóknina voru tekin fimm árum eftir efnahagshrúnið og í þeim líta viðmælendur okkar til baka og rífa upp útrásartímabilið ásamt því að velta fyrir sér framtíðinni. Um er að ræða ólíkan hóp kvenna og karla, með fjölbreytta menntun að baki og margra ára starfs-

reynslu – allt frá gjaldkerum yfir í millistjórnendur og til háttsettra stjórnenda – úr helstu bönkum og fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Alls voru viðmælendur okkar tuttugu og þrír á aldrinum 30-50 ára; níu millistjórnendur, níu voru háttsettir yfirmenn og fimm unnu sem gjaldkerar. Konur voru átján, karlar fimm. Í greiningu okkar á viðtölunum leggjum við áherslu á að draga fram upplifun og reynslu þessa fólks af aðstæðum, viðhorf þess og skoðanir. Flestir viðmælendur lögðu ríka áherslu á mikilvægi þess að trúnaðar væri gætt og við látum ekki koma fram upplýsingar um bakgrunn eða starf viðmælenda að öðru leyti en þegar hefur verið gerð grein fyrir, þrátt fyrir að það rýri að einhverju marki gildi niðurstaðnanna.

Við byrjum á almennri umfjöllun um hugmyndir um karlmennsku og ólíkt eðli karla og kvenna. Í framhaldi af því fjöllum við um viðhorf viðmælenda okkar til stöðu kvenna og karla í fjármála- og bankaheiminum og hvernig þau meta breytingar eftir hrun.

1. Karlmennska og viðskiptalíf

Hugmyndir um karlmennsku og birtingarmyndir hennar byggja á margvíslegum tengslum milli einstaklinga og draga dóm af því menningarlega, félagslega og valdalega rými sem þær eru hluti af (Enloe 2013, 68; Brittan 1989). Ímynd bankamannsins – sem í flestum tilfellum er af hvítum og líkamlega færum, jakkafataklæddum karlmanni – hefur gegnt lykilhlutverki sem tákmynd fjármálaheimsins og eins og Hannah Appel (2014, 53) leggur áherslu á, gefur slík tákmynd flóknum þverþjóðlegum fjármálaheimi ákveðið inntak og áþreifanleika. Raewyn Connell og Julian Wood (2005) telja að aukin hnattvæðing og völd stjórnenda þverþjóðlegra fyrirtækja hafi leitt til ákveðinna breytinga á birtingarmyndum karlmennsku; þverþjóðleg viðskiptakarlmennska hafi orðið meira ríkjandi á hnattræna vísu. Þar gætir þátta á borð við vaxandi eigingirni og minnkandi samkennd og ábyrgðartilfinningu gagnvart samborgurunum (Connell 1998). Þau benda þó á að þrátt fyrir vaxandi áhrif þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku sé ekki hægt að heimfæra birtingarmyndir hennar á öll svið mannlífsins né alla hópa. Á sama hátt benda Juanita Elias og Christine Beasley (2008; sjá einnig Hearn, 2015) á að staðbundnar birtingarmyndir karlmennskuhugmynda séu svo margbreytilegar að ekki sé hægt að steypa þeim saman í eina gerð hnattrænnar karlmennsku. Hér er um ákveðið ferli að ræða sem tekur stöðugum breytingum eftir tíma og rúmi. Cynthia Enloe (2013, 68) leggur jafnframt áherslu á að innan fjármálafyrirtækja og banka megi finna ólíkar tegundir karlmennsku, allt eftir því hvar einstaklingar eru staðsettir í valdakerfi fyrirtækisins. Þannig er til dæmis gert ráð fyrir að einstaklingar hegði sér með ólíkum hætti eftir því hvort þeir eru gjaldkerar, miðlarar, millistjórnendur eða gegna einhverjum öðrum störfum innan þessara fyrirtækja. Einng verður að hafa í huga að félagsleg staða hefur í mörgum tilfellum mikil áhrif á hverjir hafa möguleika á að fá aðgang að þessari ráðandi karlmennsku eins og endurspeglast í rannsókn Karen Ho (2009) sem sýndi meðal annars fram á að það að hafa gengið í „réttan“ skóla er ein af forsendum þess að fá tækifæri hjá stærstu fjárfestingafyrirtækjum Bandaríkjanna á borð við American Investment Houses.

Hugmyndafræði nútímaþjóðernishyggiu og hugmyndir um karlmennsku eru samofnar (Dudink 2002; Enloe 1989; Puwar 2004; Sluga 2004). Hugmyndir um þjóðina

eru líkt og karlmennskuhugmyndir breytilegar og um er að ræða ferli sem ræðst af kringumstæðum og tíðaranda hverju sinn. Þjóð er líka alltaf skilgreind í tengslum við „hina“ – þá sem hún speglar sig í (Rose 2004). Sonya O. Rose (2004) tekur sem dæmi að þegar ráðist er á þjóðir þá birtast þær í orðræðum sem kvenlegar, sem vanhelgaðar konur. Eigi þjóðin hins vegar sjálf í stríði þá eru karllæg minni í hávegum höfð og hún skilgreind út frá hugmyndum sem endurspeгла viðteknar birtingamyndir karlmennsku svo sem áræði, þor og hugrekki (sjá einnig Light 1991). Í þessu samhengi má benda á að á uppgangsrúnum fram að hrúni var gjarnan vísað til aukinnar þátttöku landsins í alþjóðasamfélaginu sem „landvinninga“ á erlendra grundu og talað um karlmenn sem fulltrúa íslensku þjóðarinnar út á við (Kristín Loftsdóttir 2007). Þrátt fyrir að kynjajafnrétti á Íslandi mælist yfirleitt hátt á flestum mælikvörðum voru það einkum karlmenn sem voru í forsvari fyrir útrásina og í flestum tilfellum ungir karlmenn (Þorgerður Einarsdóttir 2010, 39; sjá einnig Helga Björnsdóttir 2014). Ímynd útrásarvíkingsins sem varð vinsæl í fjölmiðlum og daglegri umræðu á uppgangstímanum fram að hrúni dró fram þessi karllægu einkenni og gerði þau sýnilegri og áþreifanlegri með því að gefa ákveðnu sögulegu fyrirbæri líkama og form eins og Appel (2014) bendir á varðandi ímynd hins alþjóðlega bankamanns (sjá einnig Þorgerður Einarsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir 2010, 209–267). Hugmyndin um útrásarvíkinginn kallaðist jafnframt á við eldri hugmyndir um hinn íslenska landsnámsmann á tímabili þegar miklar þjóðfélagsbreytingar áttu sér stað, og skapaði þannig grundvöll fyrir aukna samstöðu um þær (Kristín Loftsdóttir 2007; Kristín Loftsdóttir og Már Wolfgang Mixa 2014). Karlmenn hafa því lengi staðið sem ímynd þjóðarinnar og einkenni sem einkum hafa verið eignuð karlmönnum talin mikilvæg í þjóðarsálinni sem slíkri (Sigríður Matthíasdóttir 2004).

Femínískt fræðafólk hefur jafnframt bent á hversu hugmyndir um ólíkt eðli karla og kvenna hafa verið ríkjandi í íslensku samfélagi. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Inga Dóra Björnsdóttir (1995) benda á að í íslenskri kvennabaráttu tuttugustu aldar hafi sú sýn verið áberandi að konur hefðu í krafti síns kvenlega eðlis mikið fram að færa til samfélags og menningar. Þá telja Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2013, 57) að áhersla íslenskrar kvennabaráttu á „jafnræði“ milli karla og kvenna hafi jafnframt á þversagnakenndan hátt falið í sér áherslu á „sérstöðu“ kvenna. Þannig hafi bæði verið lögð áhersla á að konur „væru gæddar sömu andlegu eiginleikum og karlmenn og ættu því að njóta sömu möguleika í lífinu“ og einnig að „kvenlegir séreiginleikar“ veittu konum „forskot á sumum sviðum“. Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2013, 91) telja jafnframt að á tímum uppgangs nýfrjálsbyggjunnar hafi kyn sem slíkt nánast verið „ólögmæt“ breyta í umræðum um jafnrétti karla og kvenna þrátt fyrir að augljóst væri að kyn skipti miklu máli hvað varðar völd og áhrif í samfélaginu.

Á útrásartímanum var umræða um karla og konur ekki einungis ólík eftir því um hvort kynið var að ræða heldur voru karlmenn miklu sýnilegri í fjölmiðlum en konur (Þorgerður Einarsdóttir & Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009, 19; Kristín Loftsdóttir & Helga Björnsdóttir 2005). Í grein í Fréttablaðinu frá 2007 (Jón Kaldal 2007, 24) er gerð tilraun til að útskýra hvers vegna konur séu tregari en karlar til að koma í viðtöl og gefa álit á opinberum vettvangi. Þar segir: „Meginskýringin er eflaust sú að konur eru

ekki jafn hvatvísar og karlar, sem sumir hverjir eru tilbúnir að mæta og ræða hlutina jafnvel þótt þeir hafi takmarkaða þekkingu á umræðuefninu.“ Þannig endurgerir orðræðan og heldur á lofti ákveðnum birtingamyndum af konum og körlum sem fela í sér þætti sem taldir eru eðlilegir. Má þar nefna gildi á borð við ábyrgð, varkárni og traust sem mun frekar eru tengd konum en körlum. Í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar 2008 jókst til muna áhersla á það sem Roberts (2012) talar um sem þverþjóðlega viðskiptakvenmennsku, en þar er lögð áhersla á að valdefla konur í fjármálalífínu og auka þátttöku þeirra, þar sem slíkt þykir hafa í för með sér aukið vægi kvenlegra gilda. Þessi stefna endurspeglast vel í orðræðum alþjóðastofnana á borð við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn (IMF), Sameinuðu þjóðirnar og fleiri. Í íslensku samhengi mátti sjá dæmi þessa í umfjöllun íslenskra fjölmiðla um fjárfestingafyrirtækið Auði Capital sem var stofnað á mestu uppgangstímunum fyrir hrun eða árið 2007 þegar karllæg viðhorf og gildi voru í hávegum höfð (Kristín Loftsdóttir 2007). Í fréttum fjölmiðla og ekki hvað síst í orðræðu fyrirtækisins sjálfs, var gjarnan undirstrikt að það byggði á „kvenlegum gildum“ og viðhorfum sem fólust meðal annars í að almennt væru konur varkárari í fjárfestingum en karlar og meðvitaðri í viðskiptum. Hugtakið áhættumeðvitund var eitt af þeim lykilhugtökum sem notuð voru til að lýsa starfseminni ásamt hugtökum á borð við gagnsæi, mannlega nálgun og traust (Auður Capital 2013).² Þannig tókst fyrirtækinu, í gegnum fjölmiðlaorðræðu, að eðlisgera sjálft sig sem kvenlegt – nokkuð sem notað var til að undirstrika sérstöðu þess í annars karllægu markaðsumhverfi.

2. Eðli

Eins og bent er á hér að framan hafa hugmyndir um ólíkt eðli kynjanna lengi verið áberandi í íslensku samfélagi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir & Inga Dóra Björnsdóttir 1995) og í umróti bankahrunsins fengu slíkar hugmyndir byr undir báða vængi. Margir viðmælenda okkar töldu að staða kynjanna innan fjármálageirans á útrásartímum hefði mótast af ólíku eðli kynjanna. Þannig skapa hugmyndir um eðli ákveðið sjónarhorn sem mótar sýn þeirra á fortíð og framtíð. Jafnt karlar sem konur töluðu um kvenlegt eðli og karllegt eðli – og virtust almennt ganga út frá því sem gefnu að eðlislægur og merkingarbær munur væri á konum og körlum. Þessi munur birtist að þeirra mati helst í því að karlar væru áhættusæknari en konur sem var lýst sem varfærnur eða „kannski ragari“ eins og einn karlmaður orðaði það – nokkuð sem hann taldi vera jákvæðan eiginleika.

Ólíkt eðli karla og kvenna var af mörgum viðmælenda okkar talið lykilþáttur í ólíkum stjórnnunarstíl kynjanna. Gjarnan var bent á að konur sætu ekki einar að valdinu heldur dreifðu því meira, að þær vildu frekar vinna í teymum en karlar og jafnframt að margar þeirra væru með „fullkomnunarárættu“ sem lýsti sér í að þeim fyndist þær þurfa að vita allt; að vera sérfræðingar í málinu áður en þær tækju afstöðu. Konum var þannig lýst sem „varkárum“ og að þær væru sér meðvitaðri í viðskiptum en karlar sem aftur voru sagðir vera áhættusæknari. Slíkum karlmönnum var lýst sem óhræddum við að taka ákvarðanir í viðskiptalífínu og sækjast stöðugt eftir starfsframa. Einn karlkyns viðmælendi talaði um þá sem „alfahunda“ og útskýrði sem svo að það væru mennirnir sem sæktust eftir að vera í framlínunni, hefðu trú á sjálfum sér og væru „keppnismenn“. Annar viðmælendi

– kona – benti á að konur hefðu bara ekki þann áhuga sem til þyrfti til að vera í fram-
línunni enda væri slíkt ekki áhugavert: „Hvort er það merkilegra að klippa á borða í
nýrri fiskimjölsverksmiðju eða horfa á barnið þitt spila á píanó? Þær bara fatta hvað er
mikilvægara, karlmenn hafa ekki fattað það í gegnum tíðina.“

Ein kona sagðist hafa ákveðið „karlaelement“ eins og hún orðaði það sem lýsti sér í
að henni hefði fundist gaman að vinna í karllægu umhverfi viðskiptalífsins á uppgangsár-
unum fram að hruni. Undir þetta viðhorf tóku þrjár aðrar konur sem töluðu um að
þeim fyndist að starfsandinn þar sem konur eru í meirihluta eigi það til að einkennast af
vandamálum sem stöðugt þurfi að kryfja og jafnvel baktali. Aftur á móti ríki ákveðinn
„karlaandi“ þar sem karlmenn séu í meirihluta. Einkennandi fyrir slíkan karlaanda var
– að mati þessara kvenna – að þar blómstruðu tengslanetin þó svo að allir hafi „ekkert
endilega verið vinir.“ Þá voru umræðuefnin önnur, meira var um spekulasjónir tengdar
vinnunni, húmorinn „öðruvísi“ og strákarnir „töluðu hreint út.“

Eðlislægar hugmyndir um kynin endurspeglast meðal annars í því áliti margra af
viðmælendum okkar, bæði kvenna og karla, að hefðu konur verið við völd fyrir hrun
hefði efnahagskerfið ekki farið á hliðina eins og það gerði. Ein viðmælenda okkar orðaði
þetta þannig: „Þetta hefði farið öðruvísi ef að konur hefðu verið...en þá erum við að
tala um allt annan heim og það er bara þannig.“ Annar viðmælendi – karlmaður – tók
undir þessa sýn og taldi jafnframt að karlmennirnir sem voru við stjórn hafi bara „tapað
glórunni“ í hamangangi uppgangsáranna. Að hans mati var allt umhverfi bankanna „of-
boðslega karllægt“ en í raun hafi hamangurinn ekki snúist um það heldur bara um
samkeppni um hver gæti brotið sem flestar reglur, hver væri „harðsvíraðastur“, hver væri
mesti naglinn og til í að „svíkja, blekkja og allt það.“ Þessi lýsing kemur heim og saman
við helstu birtingarmyndir þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku eins og Connell (1998)
lýsir þar sem meðal annars má sjá einkennandi þætti á borð við eigingirni og takmarkaða
tryggð gagnvart samferðamönnum og jafnvel fyrirtækjum (Hearn, 2015). Hér skal þó
haft í huga að viðskiptakarlmennska er ekki bara bundin við karlkynið þar sem hún
hefur einnig mótandi áhrif á hegðun kvenna innan sama rýmis eins og fram kom í máli
nokkurra viðmælenda okkar. Þannig sagði ein kona að sér fyndist „...þær konur margar
sem hafa komist áfram, með einhverjum undantekningum þó vera samt að operera á
nákvæmlega sama hátt og karlarnir“ og önnur talaði um að sér hafi fundist að „...sumar
konur færu í það að akta eins og karlmenn ættu að gera í þessum stöðum.“ Þá benti einn
karl á að konur gætu gengið inn í það umhverfi sem venjulega er tengt karlmennsku og
þær gætu „...sko verið helmingi aggressívari en venjulegur aggressífur karl“

3. Karlklúbbar og tengslanet

Connell og Wood (2005) segja ástæður þess að karlmenn sækist eftir störfum sem ein-
kennast af þverþjóðlegri karlmennsku séu einkum hversu vel slík störf eru borguð, að
þau veiti aðgang að valdi og að fyrir unga menn geti þau falið í sér tækifæri á framabrot-
inni. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að hugmyndin um karlmanninn sem fyrir-
vinna fjölskyldunnar hefur ætíð tengst hugmyndum um karlmennsku (Patemen 1998)
og fyrirvinnuhlutverkið verið álitið forréttindi karlmannna (Brittan 1989, 114). Slíkar hug-

myndir hafa haft mikil áhrif á kynbundna skiptingu samfélagsins þar sem sú vinna sem fram fer utan hins kvenlæga innra sviðs er oftast talin meira virði – bæði menningarlega og efnahagslega (Pateman 1998; Brittan 1989; Ortner 1974). Í hugmyndum um þverþjóðlega viðskiptakarlmennsku virðist þó sem áherslan á karlmanninn sem fyrirvinnu sé víkjandi en þættir á borð við gróða og völd gegna stóru hlutverki og eru jafnvel markmið í sjálfu sér (Connell & Wood 2005).

Eins og nokkrir af viðmælendum okkar bentu á og kemur jafnframt fram í könnun sem gerð var á vegum Vinnueftirlitsins (Hildur Friðriksdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir & Kristinn Tómasson, 2002) þá er banka- og fjármálakerfið kvenlægt að því leyti að konur eru meirihluti starfsmanna þess³ þó svo að til skamms tíma hafi þær ekki verið fjölmennar í efri lögum þess (Þorgerður Einarsdóttir & Gyða Margrét Pétursdóttir, 2010). Konur hafa einkum sinnt störfum sem að mati margra viðmælenda okkar hafa minna vægi innan stofnananna sjálfra en til dæmis störf „þar sem að kannski mestu peningarnir rúlla í gegn“ eins og ein ung kona orðaði það. Að mati margra viðmælenda okkar heyrir starf miðlarans til slíkra starfa en því starfi gegndu einkum karlmennt; innan við 10% starfsmanna í miðlun voru konur eins og ein kona benti á. Það var upplifum margra viðmælenda okkar að þeir karlmenn sem störfuðu sem miðlarar fyrir hrún hefðu verið áhættusæknastir eins og það var orðað – meira en aðrir karlmenn í viðskiptalífínu – enda hefi eðli starfsins krafist þess. Þannig er lítið svo á að starfið krefjist ákveðins eðlis – eðlis sem er ólíkt eftir einstaklingum eftir kyni þeirra.

Orðið miðlari var í raun oft notað af viðmælendum okkar til að útskýra karla og störf þeirra í bankasamfélaginu. Þannig varð þetta starfsheiti sem og starfið sjálft eins og táknmynd fyrir áhættusækna og útrásarglaða karlmenn sem voru hvað fyrirferðarmestir og mest áberandi fyrir hrún. Um leið var bent á að konur hefi einna helst unnið við bakvinnslu innan bankakerfisins eða verið gjaldkerar. Þær tóku þannig ekki þátt í hasarnum enda konur mun varkárari – ekki eins áhættusæknar og „ekki bara eins hugsunarlausar“ eins og einn viðmælandi sagði. Í viðtölunum kom fram að slík störf voru að miklu leyti unnin af ungum karlmönnum, sem margir hverjir höfðu gengið í sama framhaldsskóla og jafnvel lært sama fag í háskóla. Flestir þessara ungu manna virtust hafa með sér ákveðið tengslanet sem átti sinn þátt í að gera starf og starfsumhverfi miðlarans eins karllægt og það var að mati margra viðmælenda okkar. Birtingarmynd slíkra tengslaneta var það sem talað var um og vísað til sem „karlklúbba“ – það er hópur af körlum sem allir voru í sömu eða svipuðum stöðum innan kerfisins. Að vera hluti af slíkum hópi fól meðal annars í sér að „væna og dæna“ saman eða að fara saman í veiði eða golf. Nokkrir viðmælenda okkar töluðu um að karlklúbbarinn hefðu verið „þrællokaðir“ en ekki bara konum heldur öðrum körlum líka. Konum, hvort sem um var að ræða samstarfskonur eða eiginkonur, var almennt ekki boðið á samkomur þessara klúbba enda „...ekki alveg viðeigandi að kona sé að koma með og konan þín kannski vill það ekki og eitthvað svona flækjur.“ Ein kona hélt því fram að „stærstu dílarnir í viðskiptalífínu – þeir eru ekki teknir á fundum heldur á óformlegum fundi, hvort sem það er í veiðiferð eða golfferð“. Þarna varð til ákveðin þekking um hvað væri í pípunum: „Þarna komu

fram upplýsingar sem voru aldrei sagðar annars staðar.“ Þannig voru þeir sem stóðu utan við þessi tengslanet í raun einangraðir og þeim haldið utan við þekkinguna sem að sjálf sögðu hafði áhrif á möguleika þeirra á framgöngu til jafns við þá sem tilheyrðu tengslanetinu. Kona með langa starfsreynslu innan bankakerfisins, benti á að kultúrinn í kringum þessi tengslanet hafi verið og sé raunar enn afar mismunandi eftir stofnunum. Klúbbarnir myndi litlar valdablokkir og margir séu eins og kóngar í ríki sínu – þarna giltu ‘frumskógarlögmaðl’ – vinnunni var lýst sem „töff“ og að þarna hefðu starfað töffarar sem í raun og veru voru „allir í pissukeppni“ eins og einn karlmaður orðaði það.

Þannig má í raun segja að það hafi verið „eðli“ starfanna sem átti sinn þátt í að skapa og viðhalda þessum karlklúbbum og eins og einn viðmælandi benti á: „Þú þarft að vera með tengsl við alla til þess að geta átt viðskipti – vera í stöðugu sambandi við þá og þú þarft að vera að áreita þá en samt á svona jákvæðan hátt – reyna að sækja viðskipti til þeirra.“ Slíkt starf krefst þess að fólk sé tilbúið að gefa mikið af tíma sínum í staðinn fyrir hærri laun, meiri vitneskju og meiri starfsframa. Rannsókn Connell og Wood (2005) á birtingarmyndum þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku hjá hópi ástralskra kaupskýslumanna sýndi vinnuumhverfi þar sem áhersla var lögð á langan vinnutíma, mikinn hraða og stöðugt áreiti. Lýsing starfsmanns í fjármálafyrirtæki hér á landi á starfinu dregur ágætlega fram þessa þætti:

Ég meina... það voru dagar þarna þegar að ég settist ekki niður, ég var bara svo spenntur og það var svo mikið í gangi að þú bara stóðst. Ég fattaði þetta ekki, þetta var ekkert viljandi, þetta var bara seinni part dags þá hugsaði ég bara, djöfull er ég þreyttur, ég er búinn að standa hérna í allan dag. Þú ert svona tvístígandi og þú ert í símanum og þú ert með einhvern í tölvunni og þú ert að reyna að ná saman einhverjum tveimur [...]og þú ert að kalla á milli og þú ert að reyna að að loka viðskiptunum áður en verðið hreyfist af því að, þú veist, þá þarftu að byrja upp á nýtt og þú veist, þú ert að kalla hérna og þig vantar smá, þig vantar félaga þinn til að...mig vantar milljón upp á hérna eða 10 eða 100... getur þú reddað, hringd’ þú í þinn mann og þú veist eitthvað svona, þú veist, og þú stendur bara og svitnar.

Þetta var með öðrum orðum „hark“ þar sem nærri allt snerist um vinnu, að vera stöðugt tilbúinn til að fórna fjölskyldunni fyrir viðskiptavinum og vinnuna. Einn karlkyns viðmælandi okkar taldi að karlmenn væru oftar en konur tilbúnir til slíks. Annar karlkyns viðmælandi sagði að í starfi miðlara væri lykilatriði að vita alltaf þegar viðskiptavinir hringdu hver staðan væri nákvæmlega á ákveðnum bréfum og fyrirtækjum. Hann lýsti þessu þannig:

Það voru svona hetjusögur sagðar af mönnum sem voru staddir með fjölskylduna á leið í jólafrí til Kanarí eða eitthvað, og svo kom sím-

tal, það var verið að loka einhverjum díl og bara...sorry pabbi þarf að vinna, það er ekkert frí, þú veist, við förum heim [...] Því meira sem þú sleist þér út því meiri töffari varstu.

En þrátt fyrir langan vinnudag og mikið álag þá virtust karlmenn að mati margra viðmælenda okkar, mun frekar geta farið snemma heim að vinnudegi loknum ef þeir kusu það. Ein kona orðaði það svo að: „þeir bara fóru“ og eftir sátu konurnar samviskusamlega enda „fylgja þær verkefnum sínum betur eftir en karlar“.

Eins og Carole Pateman (1998; sjá einnig Brittan, 1989; Connell, 1995/2005) hefur bent á er hugmyndin um karlmanninn sem fyrirvinnu ein af lykilstoðum hugmynda um hvað það er að vera karlmaður í vestrænu samfélagi. Íslenskt fjármálaumhverfi á uppgangstímum fram að hrúni var þar engin undantekning eins og birtist meðal annars í orðum eins viðmælenda okkar – konu – sem taldi að karlar á hennar vinnustað hefðu átt það sameiginlegt að „konurnar þeirra voru allar farnar inn á heimilin aftur“ jafnvel þó margar þeirra væru háskólamenntaðar – þær voru „dottnar inn á heimilið, sumar hverjar höfðu lent í því að vera bara huggulega eiginkonan og eyddu tímanum í fótisnyrtingu...“ Hér er vert að benda á rannsókn þeirra Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og Thamar M. Heijstra (2011) á störfum háskólakennara þar sem kemur fram að starf karlkyns kennara fær stöðu sem mikilvægasta starf heimilisins og því er vinna þeirra látinn ganga fyrir, á meðan kvenkyns kennarar deila frekar verkum með maka sínum og eru samhliða starfi að sinna heimili. Þrátt fyrir að hér sé um að ræða rannsókn á nokkuð óikum stofnunum, þá draga þessar niðurstöður engu að síður athygli að því hvernig hugmyndin um karlmann sem fyrirvinnu skapar konum og körlum sem vinna sambærileg störf mjög ólíka aðstöðu á vinnumarkaði.

Viðmælendur okkar voru ekki allir sammála um að hugtakið karlklúbbar væri viðeigandi yfir tengslanet karla. Þannig sagðist einn karlmaður með langa starfsreynslu úr bankakerfinu, aldrei hafa upplifað tengslanetin sem einhverja „sérstaka karlklúbba þó að það væri náttúrulega miklu fleiri karlar og stundum eintómir karlar og þess vegna var bara talað um þannig hluti.“ Annar karlmaður sagðist telja að fyrir hrún hefði hvorki kyngervi né tengslanet aftrað konum á neinn hátt að öðlast starfsframa. Í sama streng tók karlmaður sem sagði konur hafa haft jafn mikla möguleika á frama innan bankakerfisins og karlar: „Bara ef þú hafðir það sem þurfti til.“ Sem sé að viðkomandi hefði ákveðna eiginleika til að sinna tilteknu starfi. Kona með langa starfsreynslu úr bankakerfinu sagðist telja að kyn sitt hefði aldrei hamlað henni á nokkurn hátt. Og önnur ung kona taldi að starfsframi hefði einkum byggst á því hvernig „...þú presenterar sjálfa þig [...] þú veist, hvað ertu góð í að networka.“ Að því leyti væri áhættusækni ekkert endilega bundin við kyn eða ákveðin störf – henni fyndist til dæmis að margar af þeim konum sem „hafa komist áfram, með einhverjum undantekningum þó, vinna á sama hátt og karlarnir.“ Hér er lög áhersla á einstaklingsframtakið og að vinnumarkaðurinn meti fólk sem einstaklinga óháð kyni þeirra. Hins vegar má benda á að rannsókn Lindu McDowell (1997, 2010) meðal starfsfólks fjármálastofnanna og banka í fjármálahverfi London sýndi meðal annars að í slíkum stofnunum er hegðun og framkoma sem einkenndist af

karllægum þáttum á borð við þá sem birtast í hegðun miðlara, höfð í hávegum og er í raun normið.

4. Nýtt Ísland?

Eitt megineinkenni íslenskrar umræðu strax eftir hrun var áherslan á uppstokkun á ójafnri valdastöðu kynjanna sem hluta af róttækari breytingum í samfélaginu í heild. Slíkar hugmyndir voru þó ekki séríslenskar heldur hluti af umræðu sem fram fór um allan heim eftir kreppu alþjóðlega fjármálakerfisins 2008. Roberts (2012) bendir á að þannig verði kyn í slíkum hugmyndum bæði orsök kreppunnar en einnig leiðin út úr henni, sem gerir mögulegt að líta fram hjá öðrum ágengum spurningum sem varða eðli misréttis í samtímanum og vald fjármálastofnana.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á afleiðingum og samfélagslegum breytingum í kjölfar íslenska efnahagshrunsins benda til að sú róttæka uppstokkun sem margir kölluðu eftir hafi ekki orðið að veruleika. Í frétt sem birtist í Morgunblaðinu þann 24. október 2014 kemur fram að hlutfall kvenna innan bankastofnana hafi á undanförunum áratugum verið um og yfir 70% (Ingveldur Geirsdóttir 2014).⁴ Í samdrættinum eftir hrun misstu um tvö þúsund manns vinnuna í bönkum og sparisjóðum hér á landi – og þar af voru konur í miklum meirihluta eða fimmtán hundruð (Ingveldur Geirsdóttir 2014). Rannsókn Ástu Snorradóttur (2011)⁵ á upplifun bankastarfsfólks á öryggi í starfi eftir hrunið endurspeglar vel að mikill kynjamunur á störfum innan banka hélt áfram eftir hrunið.² Ljóst er að enn eru fáar konur í hópi stjórnenda banka og fjármálafyrirtækja en konur halda til dæmis áfram að vinna við bakvinnslu í bönkunum. Þá má benda á að karlkyns starfsmenn eru fleiri á aldrinum 30-39 ára en konur eru fleiri í eldri aldurshópum (Ásta Snorradóttir 2011, 82), sem er áhugavert þegar haft er í huga að karlmenn eru frekar yfirmenn. Þá hefur Þorgerður Einarsdóttir (2010, 40) bent á að einungis 13% þeirra sem skipuð voru í skilanefndir bankanna voru konur og karlmenn hafi þannig haldið áfram að vera í forystu bankanna og atvinnulífsins. Femínískt fræðafólk hefur einmitt bent á að rétt eins og efnahagslegur uppgangur er kynjaður er hrun það einnig (Enloe 2013).

Upplifun viðmælenda okkar af breytingum á kynjahlutfalli í hærri stjórnunarstöðum innan viðskipta- og fjármáلالífsins eftir hrun, var nokkurn veginn í takt við það sem kemur fram hér að ofan. Strax eftir hrun og í nokkurn tíma eftir var sem rými hefði skapast fyrir konur til að sækja fram – en síðan hafi sótt aftur í sama farið. Einn viðmælandi okkar lýsti þessu er hún sagði að strax eftir hrun hafi það „komist í tísku“ að tefla fram konum í stjórnunarstöðum: „Við vorum góðar svona eftir hrunið [...] þá komumst við svolítið áfram sko“. Að hennar mati var þessi áhersla á framgöngu kvenna í hærri stöðum innan fjármálakerfisins, einkum tilkomin vegna þeirrar ímyndar sem konur bera með sér – að þær séu ekki áhættusæknar heldur varkárar – „svona ákveðin kjölfesta“.

Langflestir töldu þó að „þessi kvennageiri“ hafi breyst að einhverju leyti. Þó svo að karlmenn séu enn í efstu lögunum og þó svo að konur séu enn í meirihluta þeirra sem vinna „á gólfinu“ þá hafði orðið ákveðnar breytingar hvað ábyrgðar- og valdastöður varði. Slíkar breytingar haldist óhjákvæmilega í hendur við áherslubreytingar innan stofnananna sjálfra þar sem þættir eins og reynsla í starfi séu nú meira metnir en á tímum

uppgangs fyrir hrun. Mörgum fannst þó ekki nóg að gert til að breyta hinni karllægu hefð sem hefur ætíð einkennt fjármálakerfið og byggist á tengslum og samböndum. Tvær konur sögðu afdráttarlaust að ekkert hefði breyst. Karllægu gildin haldi áfram að vera til og virka hamlandi á framgöngu kvenna í valdamestu stöðurnar.

Hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum innan banka og fjármálafyrirtækja kom oft til tals í tengslum við breytingar á stöðu kynjanna í viðskiptalífínu fyrir og eftir hrun. Þau sem tjáðu sig um það vildu sem mest jafnrétti kynjanna hvað varðar stöðuveitingar og framgöngu í starfi en í máli nokkurra kom þó fram að þau væru í raun á móti því að setja sérstakan kynjakvóta. Ein kona orðaði þetta svona: „Þú vilt ekki velja bara út frá kyni. Þú vilt velja hæfasta einstaklinginn og vilt sérstaklega gefa konum séns.“ Samt sem áður fannst öllum að eitthvað þyrfti að gera því „þetta þarf að vinna saman“. Athyglisvert er að sumir kvenkyns viðmælenda okkar töldu að glerþakið (e. glass ceiling), það er þau mörk sem hamla fólki framgöngu í starfi á grundvelli kyngervís (Baxter & Wright 2000), væri ekki til staðar hvað þær sjálfar varðaði. Þannig benti ein kona á að hún hefði aldrei upplifað neitt „glærþak“ – heldur eingöngu það að karlmenn hefðu mun frekar en konur sóst eftir að vera í framlínunni – sóst eftir stöðum þar sem mikið var um að vera enda „erum við konur í eðli okkar varfærnari og viljum hafa fastara land undir fótum.“ Önnur kona sagði það hafa verið hóp kvenna í atvinnulífínu sem „ýttu þessari lagasetningu af stað“ – og átti þar við lög um um kynjakvóta. Enn önnur sagði það sína tilfinningu að margar ungar konur væru á móti slíkri lagasetningu og kvótum þegar þær byrja að vinna – og segjast þá gjarnan „aldrei hafa fengið neina höfnun útaf neinu“ og að þær komist allt þrátt fyrir kyn sitt. En, eins og þessi kona bætti við – eftir svona 10-15 ár í streðinu þá eru þær komnar á þann punkt í tilverunni að þær sjá að þær komast ekkert áfram – hafandi horft upp á karlkyns vinnufélaga sína færast upp á við. Kona sem starfaði sem millistjórnandi, talaði um að sér fyndist það ekki skipta máli að hafa kynjakvóta „... en mér finnst gott að hafa þessa blöndu“ og önnur kona talaði um að það væri fleira en bara kynið sem skipti máli, þættir eins og hæfni hefðu þar mikið að segja. Hins vegar væri best að hlutfall kynjanna í stöðum innan stofnana væri jafnt eða í hinum fullkomna heimi væri æskilegast „að ráða fifty, fifty, allt hæfa einstaklinga.“

5. „Svona bara virkar fjármálakerfið“

Rannsókn Judy Wajcman (1998) á reynslu og upplifun kynjanna af breyttum starfsháttum og starfsanda í fjölþjóðafyrirtækjum í Bretlandi, leiddi í ljós að þrátt fyrir að konum í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum hafi fjölgað mikið þá virðist gæta ákveðinnar tregðu til þess að breyta kynjakerfinu á þann veg að konur komist „á toppinn“. Sú niðurstaða á sér ákveðna samsvörun í því sem kemur fram í gögnum rannsókna okkar. Þrátt fyrir tilkomu Auðar Capital árið 2007 á fjármálamarkaðnum, en það fyrirtæki gaf sig út fyrir að byggjast á viðhorfum og reynslu kvenna eins og áður segir, og þrátt fyrir jákvæð viðhorf til breytinga á kynjakerfinu sem endurspegluðust í almennri umræðu fyrstu mánuðina eftir hrun sem og nokkrar breytingar innan fjármála- og bankakerfisins sem skiluðu sér meðal annars í fyrsta kvenbankastjóra landsins, virðast breytingarnar ekki hafa verið eins umfangsmiklar og róttækar og margir gerðu sér vonir um. Af viðtölum okkar við fólk

í bankakerfinu má þannig ráða að almennt virðast konur í bönkum enn eiga erfitt með að fá framgang í hærri stöður, þrátt fyrir metnað og vilja og halda áfram að reka sig á glerþakið fræga. Þær „vinna og vinna en eru samt ekki nægilega sniðugar að koma sér áfram“ sagði einn viðmælandi okkar og bætti við að þær virtust ekki hafa í sér „þessa vitund“ sem til þarf til að skapa sér tengslanet og afla sér þekkingar sem fleytir þeim áfram. Langflestir töldu þó að þokast hefði í rétta átt þó svo að karlmenn haldi áfram að „hafa yfirhöndina, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu [...] og svo auðvitað í yfirmannastöðum þar sem langflestir hafa verið.“

Þó svo að konum hafi ekki fjölgað eins mikið og jafn hratt í ædstu stöðum innan banka- og fjármálakerfisins og væntingar stóðu til eftir hrún verður ekki horft fram hjá því að hrúnið og eftirmálar þess áttu sinn þátt í ýmsum öðrum merkjanlegum breytingum innan þessa kerfis. Þannig skipti það máli að mati allra viðmælenda okkar að kona hafði verið ráðin sem bankastjóri þar sem slíkt hefði ákveðna táknræna merkingu og skapaði fyrirmynd. Þá átti breytt starfsumhverfi bankanna eftir hrún – sem meðal annars hafði í för með sér breytt „eðli“ starfa eins og miðlarastarfsins – sinn þátt í að stigveldi á milli starfa innan banka og stofnana minnkaði að mati margra. Þannig bentu til dæmis margir kvenkyns viðmælendur á að þetta hafi leitt til þess að sú þekking sem er til staðar í hinum hefðbundnu kvennastörfum innan bankanna er nú meira metin að verðleikum en var á uppgangsárunum fram að hrúni.

Á uppgangsárunum fram að hrúni varð ímynd „útrásarvíkingsins“ sem holdgerðist í ákveðnum hópi karlmannna, ríkjandi sem hin ráðandi karlmennska (sjá Kristín Loftsdóttir 2014). Athyglisvert er að í rannsókninni kemur fram að í augum flestra innan banka- og viðskiptageirans var líkami miðlarans birtingarmynd hugmynda um karlmennsku og í raun bankastarfsmannsins. Í ímynd miðlarans og starfi hans sameinuðust jafnframt hugmyndir um þverþjóðlega viðskiptakarlmennsku og staðbundnar ímyndir tengdar „útrásarvíkingum“ sem undirstrikar mikilvægi þess að þegar skoða á sköpun og mótun eftirsóknarverðra viðmiða í samfélögum samtímans er mikilvægt að horfa til staðbundinna jafnt sem hnattrænna birtingarmynda. Huglæg samsömun kynjanna við hin ýmsu félags- og menningarlegu rými skiptir líka máli, þar sem félagsleg rými og kynjaðar ímyndir draga dóm hvort af öðru (sjá Ortner 1974) hvað varðar „eðli“ og atbeina. Segja má að menningarlegt umhverfi, norm og gildi hvers vinnustaðar mótist meðal annars af þeirri kynjapólitík sem þar ríkir og sem aftur er hluti af hnattrænu samhengi. Fjármálakerfið í heild sinni starfar eftir karllægum gildum og viðmiðum og þar er ákveðnum kynjaðum strúktur ekki bara viðhaldið heldur er hann endurgerður eftir tíma og rúmi hverju sinni. Orð ungu konunnar sem taldi litlar breytingar hafa átt sér stað í átt til jafnræðis kynjanna innan bankanna eftir hrún eiga vel við hér að lokum en hún sagði í þessu samhengi: „Svona bara virkar fjármálakerfið.“

Aftanmálsgreinar

- 1 Þann 08.01. 2013 sameinuðust fyrirtækin Virðing hf og Auður Capital hf undir nafninu Virðing hf. Sjá: <http://www.virding.is/>.
- 2 Þann 08.01 2013 sameinuðust fyrirtækin Virðing hf og Auður Capital hf undir nafninu Virðing hf. Sjá: <http://www.virding.is/>.

- 3 Í umfjöllun Viðskiptablaðsins þann 16. maí 2011 kemur fram að um 65% af bankastarfsmönnum séu konur.
- 4 Fréttin byggir á upplýsingum frá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, SFF. Sjá: <http://www.ssf.is/>
- 5 Rannsóknin var gerð árið 2009 með svarhlutfall 68% og aftur 2011 en þá var svarhlutfall 64%.
- 6 Parna er vísað til breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (Lög um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, nr.13/2010) sem tóku gildi 1. september 2013.

Heimildir

- Appel, H. (2014). „Finance, Figuration, and the Alternative Banking Group of Occupy Wall Street“, *Signs: Journal of Women and Culture in Society* 40 (1), 53-58.
- Ásta Snorraddóttir (2011). „Óryggi í starfi, ólík upplifun kvenna og karla?“, í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XII. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 79-90). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Auður Capital. (2013, september). *Heimasíða*. file://localhost/Sótt 31.mars 2015 á <http://www.audur.is:>
- Baxter, J., og Wright, E. O. (2000). The glass ceiling hypothesis: A comparative study of the United States, Sweden, and Australia. *Gender and Society* 14(2), 275-294.
- Brittan, A. (1989). *Masculinity and Power*. Oxford: Basil Blackwell.
- Connell, R.W. (1993). „The Big Picture: Masculinities in Recent World History“, *Theory and Society* 22, 597-623.
- Connell, R.W. (1998). „Masculinities and Globalization“, *Men and Masculinities* 1 (1), 3-23.
- Connell, R.W. (1995/2005). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.
- Connell, R.W., og Wood, J. (2005). „Globalization and Business Masculinities“, *Men and Masculinities* 7, 347-364.
- Conti, J.A., og O’Neil, M.E. (2007). „Studying Up: Qualitative Methods and the Global Power Elite“, *Qualitative Research* 7(1), 63-82.
- Dudink, S. (2002). „The Unheroic Men of a Moral Nation: Masculinity and Nation in Modern Dutch History“, í C. Cockburn og D. Zarkov (ritstj.), *The Postwar Moment: Militaries, Masculinities, and International Peacekeeping* (bls. 146-162). London: Lawrence & Wishart.
- Elias, J., og Beasley, C. (2008). „Hegemonic Masculinity and Globalization: ‘Transnational Business Masculinities’ and Beyond“, *Globalizations* 6 (2), 281-296.
- Enloe, C. (1989). *Bananas, Beaches and Bases: Making Feminist Sense of International Politics*. Berkeley: University of California Press.
- Enloe, C. (2013). *Seriously! Investigating Crashes and Crises as if Women Mattered*. Berkeley: University of California Press.
- Gill, R. (2000). *Discourse Analysis: Text, Narrative and Representation*. Maidenhead: Open University Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Thamar M. Heijstra (2011). „Balancing Work- Family Life in Academia: The Power of ‘Time’“, *Gender, Work and Organization* 20 (3) 283-296.
- Hansot, E., og Tyack, D. (1988). „Gender in American Public Schools: Thinking Institutionally“, *Signs: Journal of Women and Culture in Society* 13 (4), 741-760.
- Hearn, J. (2015). *Men of the World. Genders, Globalizations, Transnational Times*. Los Angeles: Sage.
- Helga Björnsdóttir (2014). „Hernaðarlúkk“. Um hernaðarhyggju og hervæðingu, *Ritið* 14 (2), 182-203.
- Hildur Friðriksdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Kristinn Tómasson. (2002). *Könnun á líðan, vinnu- umhverfi og heilsu starfsfólks í útibúum banka og sparisjóða*. Reykjavík: Vinnueftirlitið, rannsókn- og heilbrigðisdeild.
- Ho, K. (2009). *Liquidated: An Ethnography of Wall Street*. Durham: Duke University Press.
- Ingveldur Geirsdóttir (2014). „Konum sagt upp í bönkum“, *Morgunblaðið*, 24. október.
- Jón Kaldal (2007). „Fleiri herskía femínista“, *Fréttablaðið*, 9. mars.

- Kristín Loftsdóttir (2007). „Útrás Íslendinga og hnattvæðing þess þjóðlega: Horft til Silvíu Nætur og Magna“, *Ritið* 7 (1), 159-176.
- Kristín Loftsdóttir (2009). „Kjarnmesta fólkið í heimi: Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu“, *Ritið* 9 (2-3), 113-139.
- Kristín Loftsdóttir (2014). Vikings invade present-day Iceland, í E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritstj.) *Gambling Debt: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy*. Boulder: University Press Colorado.
- Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir (2005). „Í fréttum er þetta helst: Myndræn orðræða fjölmiðla“, í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI* (bls. 283-292). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Kristín Loftsdóttir og Már Wolfgang Mixa (2014). „Bankar í ljóma þjóðernishyggju: Efnahagshrunið, hnattvæðing og menning“, *Skírnir* 188 (vor), 90-115.
- Light, A. (1991) *Forever England: Femininity, Literature and Conservatism Between the Wars*. London: Routledge.
- Lindisfarne, N. (2008). „Starting From Below: Fieldwork, Gender and Imperialism Now“, í H. Armbruster og A. Lærke (ritstj.), *Taking Sides: Ethics, Politics and Fieldwork in Anthropology* (bls. 23-44). New York: Berghahn Books.
- Lög um breytingu á lögum um blutafélög og lögum um einkablutafélög (eignarbalð, kynjablutfall og starfandi stjórnarformenn)* nr. 13/2010.
- McDowell, L. (2010). „Capita Culture Revisited: Sex, Testosterone and the City“, *International Journal of Urban and Regional Research* 34(3), 652-658.
- McDowell, L. (1997). *Capital Culture: Gender at Work in the City*. Oxford: Blackwell.
- Nader, L. (1974). „Up the Anthropologist: Perspectives Gained from Studying Up“, í D. Hymes (ritstj.), *Reinventing Anthropology* (bls. 284-311). New York: Vintage Books.
- Ortner, S. (1974). „Is Female to Male as Nature is to Culture?“, í M.Z. Rosaldo og L. Lamphere (ritstj.), *Woman, Culture and Society* (bls. 67-88). Stanford: Stanford University Press.
- Ólafur Páll Jónsson (2009). „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, *Skírnir* 183 (haust), 281-307.
- Pateman, C. (1998). „The Patriarchal Welfare State“, í J.B. Landes (ritstj.), *Feminism, the Public and the Private* (bls. 241-277). Oxford: Oxford University Press.
- Puwar, N. (2004). *Space Invaders: Race, Gender and Bodies out of Place*. Oxford: Berg Publishers.
- Roberts, A. (2012). „Financial Crisis, Financial Firms...and Financial Feminism? The Rise of ‘Transnational Business Feminism’ and the Necessity of Marxist-Feminism IPE“, *Socialist Studies/Études socialistes* 8 (2), 85-108.
- Rose, S.O. (2004). „Temperate Heroes: Concepts of Masculinity in Second World War Britain“, í S. Dudink, K. Hagemann og J. Tosh (ritstj.), *Masculinities in Politics and War: Gendering Modern History* (bls. 177-199). Manchester: Manchester University Press.
- Sedgwick, E.K. (1995). „Gosh, Boy George, You Must be Awfully Secure in your Masculinity!“, í M. Berger, B. Wallis og S. Watson (ritstj.), *Constructing Masculinity* (bls. 11-21). New York: Routledge.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Inga Dóra Björnsdóttir (1995). „Purity and Defilement. Essentialism and Punishment in the Icelandic Women's Movement“, *The European Journal of Women's Studies* 2 (2), 171-183.
- Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2013). „„Færar konur“: Frá mæðrahyggju til nýfrjáls-
hyggju – hugmyndir um opinbera þátttöku kvenna 1900-2010“, *Saga* 51 (1), 53-93.
- Sluga, G. (2004). „Masculinities, Nations, and the New World Order: Peacemaking and Nationality in Britain, France and the United States after the First World War“, í S. Dudink, K. Hagemann, og J. Tosh (ritstj.), *Masculinities in Politics and War: Gendering Modern History* (bls. 238-257). Manchester: Manchester University Press.
- Wajcman, J. (1998). *Managing Like a Man: Women and Men in Corporate Management*. Cambridge: Polity Press.

- Þorgerður Einarsdóttir (2010). „Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar“, *Íslenska þjóðfélagið* 1 (1), 27-48. Sótt 5. mars 2015 á <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/issue/view/6>.
- Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir (2009). „Kynjaskekkja í stjórnmálum. Breytingar og áhrifaþættir“, *Stjórnmál og stjórnsýsla- vefstímarit* 1 (5), 7-25. Sótt 5. mars 2015 á <http://skemman.is/stream/get/1946/8988/23956/1/a.2009.5.1.1>.
- Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2010). Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni. *Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis*. Reykjavík: Alþingi.
- Þröstur Helgason (2008) „Nýja Ísland“, *Morgunblaðið*, 18. október.